

Viðbragðsáætlun við heimsútbreiðslu covid-19 og inflúensu

Þessi áætlun fjallar um leiðbeiningar fyrir starfsfólk og starfsemi Þjóðminjasafn Íslands þegar gefin hefur verið út almannavarnarviðvörðun um sýklasmít (veirur og sýkingar), flokkað á óvissustig, hættustig eða neyðarstig. Sjá landsáætlun á vef Embættis landlæknis) og frekari leiðbeiningar á www.landlaeknir.is

Viðbragðsteymi er ábyrgt fyrir því að viðbragðsleiðbeiningum sé fylgt á öllum starfsstöðvum Þjóðminjasafns Íslands. Neyðarstjórn viðbragðsteymisins, þar sem sæti eiga þjóðminjavörður, framkvæmdastjóri fjármála og þjónustu og mannauðsstjóri virkja viðbragðsáætlun. Viðbragðsteymi fylgist með tilkynningum frá almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra og Embætti landlæknis frá því að atburðarás hefst. Upplýsingar um viðbúnaðarstig er að finna á vefjum beggja embætta. Nauðsynlegt er að fylgjast með fyrirmælum frá aðilum og ganga þau fyrirmæli fyrir þessum leiðbeiningum ef þær skarast.

Í viðbragðsteymi Þjóðminjasafns Íslands eru Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður (neyðarstjórn), Þorbjörg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og þjónustu (neyðarstjórn), Hildur Halldórsdóttir mannauðsstjóri (neyðarstjórn), Styrmir Þór Davíðsson umsjónarmaður fasteigna og öryggismála/öryggisvörður, Sandra Sif Einarsdóttir sérfræðingur í forvörslu/öryggistrúnaðarmaður, Lilja Árnadóttir sviðsstjóri munasviðs og Inga Lára Baldvinsdóttir sviðsstjóri Ljósmyndasafns Íslands.

Viðbragðsteymi	Símanúmer
Margrét Hallgrímsdóttir	861-2200
Þorbjörg Gunnarsdóttir	864-7900
Hildur Halldórsdóttir	864-6186
Styrmir Þór Davíðsson	620-7002
Sandra Sif Einarsdóttir	695-4950
Lilja Árnadóttir	898-5290
Inga Lára Baldvinsdóttir	862-1943

Viðbragðsteymið gætir þess að Þjóðminjasafn Íslands búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra og Embætti landlæknis um stig faraldursins. Það annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag á vinnustað auk umgengisreglna og sóttthreinsibúnaðar. Sviðsstjórar sjá um samskipti við starfsfólk hver á sínu sviði vegna veikinda eða undirliggjandi sjúkdóma og fjarveru og ber þeim að upplýsa mannauðsstjóra um veikindi.

Ef grunur vaknar um sýkingu/eða staðfesting af völdum Covid-19 skal samstundis upplýsa einn úr neyðarstjórn (Margrét Hallgrímsdóttir, Þorbjörg Gunnarsdóttir og Hildur Halldórsdóttir) sem bregðast við á eftirfarandi hátt:

- Ef grunur vaknar, hringið í vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í gengum skiptiborð, sími 543-1000 eða hafið samband við sóttvarnalækni í síma 510-1933.
- Ef málið þolir enga bið, hringið í 112 og óskið eftir sjúkrabíl.
- Vakthafandi læknir/sjúkraflutningamaður ber ábyrgð á framkvæmd áhættumats vegna gruns um Covid-19 sýkingu í samráði við umdæmislækni sóttvarna og sóttvarnalækni, vaktsími sóttvarnalæknis er 510-1933 og einnig vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landsspítala í gegnum skiptiborð í síma 543-1000.

Þjóðminjavörður skal upplýsa starfsfólk, þegar ljóst er að ekki þarf allar þær aðgerðir sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni.

Almennar leiðbeiningar

Í þessum kafla eru leiðbeiningar um hvernig bregðast skal við almannavarnarstigi sem flokkast í óvissustig, hættustig og neyðarstig sem lýst er yfir af Embætti landlæknis ásamt leiðbeiningum frá viðbragðsteymi Þjóðminjasafns Íslands.

ÓVISSUSTIG

- Viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar Þjóðminjasafns Íslands yfirlesnar og uppfærðar á vef stofnunarinnar. Dagsetning uppfærslu skráð.
- Þjóðminjasafn Íslands er í samstarfi við heilbrigðismenntaðan starfsmann við undirbúning (Vinnuvernd).
- Allt starfsfólk er upplýst um uppfærðar viðbragðsleiðbeiningar og hvar þær er að finna.
- Neyðarstjórn vaktar upplýsingagjöf um stöðu mála hjá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og hjá Embætti landlæknis.

HÆTTUSTIG

- Þjóðminjasafn Íslands uppfærir upplýsingar um stöðu mála að höfðu samráði við almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Embætti landlæknis og þær kynntar starfsfólki.
- Upplýsingum komið á framfæri við starfsfólk um hvernig verjast megi smiti.
- Mikilvægt að Þjóðminjasafni Íslands sé tilkynnt öll veikindi starfsfólks og þau skráð formlega.
- Viðbrögð skilgreind við því þegar starfsfólk tekur að veikjast.

NEYÐARSTIG

- Aðgerðum vegna sóttvarna hrint í framkvæmd sbr. kafla Leiðbeiningar vegna aukinnar hættu smits og fylgt fast eftir.
- Þjóðminjasafn Íslands mun halda úti starfsemi eins lengi og unnt er.
- Þjóðminjasafn Íslands lokar komi ákvörðun um það frá yfirvöldum.
- Upplýsingar um stöðu mála stöðugt uppfærðar í samráði við almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Embætti landlæknis og kynntar starfsfólki.

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk

- Þennan gátlista skal neyðarstjórn sjá um að starfsfólk fái ásamt ítrekun um að grípa til viðeigandi ráðstafana þegar breytingar verða á hættustigi almannavarna.
- Neyðarstjórn sendir starfsfólki tölvupóst um hættustig almannavarna og ítrekar við starfsfólk að fylgja viðbragðsáætluninni í samræmi við gátlistann.

ÓVISSUSTIG

- Fara yfir uppfærða viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar Þjóðminjasafns Íslands.
- Viðbragðsteymi fylgi leiðbeiningum Embætti landlæknis og fái heilbrigðismenntaðan starfsmann til að vinna með Þjóðminjasafni Íslands ef þurfa þykir. (Vinnuvernd).
- Upplýst um hverjir eru í neyðarstjórn Þjóðminjasafns Íslands.

HÆTTUSTIG

- Starfsfólk fær fræðslu vegna sóttvarna sbr. kafla Leiðbeiningar vegna aukinnar hættu smits.
- Starfsfólk getur átt von á að vera fært til í starfi til að sinna áriðandi verkefnum sem hafa forgang.

- Verklagsreglur um tíðari þrif á algengum snertiflötum, t.d. hurðarhúnum og handriðum kynntar.
- Fylgja ber fyrirmælum sóttvarnalæknis hjá Embætti landlæknis hverju sinni varðandi ferðalög innanlands sem utan. Taka skal tillit til þess ef fólk vill síður ferðast innan um aðra þegar faraldur geisar. Hafa verður einnig í huga að flugvellir og landamæri geta lokast vegna heimsfaraldurs.

NEYÐARSTIG

- Fundum og ferðalögum skal haldið í lágmarki og eingöngu ef nauðsyn krefur. Starfsfólk er hvatt til að nota síma og tölvur til samskipta eins og frekast er unnt.
- Staðsetning starfsmanna metin og undirbúið eins og við á að þeir geti unnið heima. Fjarskiptatækni nýtt eins og unnt er.
- Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsmanna gilda ákvæði kjarasamninga. Þjóðminjavörður getur þó gefið út rýmri reglur hvað þetta varðar telji hann nauðsynlegt að mæta þörfum starfsfólks vegna umönnunar barna eða náinna ættingja.
- Aðgerðum vegna rekstrarlegra þátta hagað samkvæmt verklagsreglum Þjóðminjasafns Íslands.
- Starfsfólki er ráðlagt að miða við að hafa 2 metra fjarlægð frá utanaðkomandi/gestkomandi.
- Komi til tilmæla Embættis landlæknis um samkomubann sem leiði til að loka þurfi sýningarsölum safnsins, geti komið til að starfsmenn færast yfir í önnur verkefni á vegum safnsins.
- Komi til samkomubanns vegna tilmæla Embættis landlæknis sem leiði til að loka þurfi sýningarsölum safnsins, mun starfsfólk sinna öðrum verkefnum á vegum safnsins.